



Hlutir sem þarf að huga að þegar hinsegin fólk á í hlut

Atriði og áhyggjur sem gætu haft áhrif á hinsegin fólk þegar það leitar sér aðstoðar:

- Að verða fyrir fordómum og/eða dæmd fyrir þeirra líf og athafnir
- Að það komist upp að þau séu hinsegin (ef þau eru ekki opin með það)
- Að treysta því ekki að það verði farið með þeirra mál sem trúnaðarmál; hinsegin samfélagið er mjög lítið og sögur ferðast hratt manna á milli
- Að hafa áhyggjur af því að þjónustuveitendur skilji ekki þeirra aðstæður og þarfir
- Að mæta neikvæðum hugmyndum um sjálfsmynd og hinseginleika þeirra
- Að vita ekki hvort að þjónustuveitandi taki á móti hinsegin fólki
- Að vita ekki hvort að karlar geti fengið aðstoð sem brotáþolar
- Að vita ekki hvort konur geti fengið aðstoð sem gerendur
- Að vita ekki hvort lesbíur og trans konur geti nýtt sér þjónustu sem er eingöngu fyrir konur
- Að vita ekki hvort að úrræði á borð við húsnæði og skjól séu líka fyrir hinsegin fólk

Spurningar og viðtöl. Temjið ykkur að spyrja á eftirfarandi hátt:

- Áttu maka/Ertu í sambandi? (Í stað áttu mann/konu/kærasta/kærustu?)
- Hefur þú verið í samböndum áður?
 - Getur þú sagt mér frá þeim? Varstu í sambandi með karli, konu eða kynsegin manneskju? (Í staðinn fyrir að gera ráð fyrir að manneskjan sé gagnkynhneigð vegna þess að hún er ekki í sambandi að svo stöddu)
- Hvert er kyn þitt? Hér þarf ég að skrá kyn, hvernig viltu að ég skrái þig? (Í stað ertu karl eða kona?)
- Áttu vini innan hinsegin samfélagsins?
 - Þekkir þú annað hinsegin fólk? Hefur þú stuðning frá einhverjum í hinsegin samfélaginu? (Það getur verið erfitt að vera „eina hinsegin manneskjan“ og stuðningur og tengsl við aðra í svipaðri stöðu getur skipt máli. Einnig getur einangrun frá hinsegin samfélaginu verið vísbending um eða afleiðing af ofbeldissambandi)
- Vita þínir nánustu að þú sért hinsegin? En vinnuveitandi? (notið það hugtak sem viðkomandi notar um sjálfa sig, t.d. hommi, trans o.s.fr.)
- Hefur hinseginleiki þinn einhver áhrif á sambandið?
 - Hér mætti spyrja nákvæmari spurninga, t.d. „Hefur kærasta þín verið með athugasemdir út í það að þú sért tvíkynhneigð?“ „Finnur þú fyrir þrýstingi til að yfirgefa sjálfsmynd þína?“



- Hver er að beita þig ofbeldi? (Í stað þess að gera ráð fyrir að það sé karlkyns maki)
 - Hér þarf líka að skoða hvort verið sé að ræða við geranda og hvern hann er að beita ofbeldi, en sérstaklega þarf að huga að hinsegin börnum sem brotapolum í því tilliti.
- Munið – það er í lagi að spyrja um sambandsstöðu, kynhneigð, kyn og fornöfn. Slíkt á ekki að þykja móðgandi. Það er betra að vera viss og gera hlutina rétt heldur en að fara á mis við mikilvægar upplýsingar.

Upplýsingagjöf og leiðir til að bæta starfseminna:

- Skoða vefsíðuna, hvað stendur?
 - Er hinsegin fólk nefnt? Er regnbogafáni? Eru upplýsingar réttar? Er talað um karl og konu, konur og börn, ávallt gert ráð fyrir gagnkynhneigð? Er hlekkur yfir á hinsegin samtök?
- Skoða bæklinga og annað upplýsingaefni með sama hætti og vefsíðan er skoðuð.
- Skoða og endurskoða verkferla og skráningu í viðtölum.
 - Er skráð þegar/ef manneskja er hinsegin? Er spurt út í það? (Ef það er ekki spurt og manneskjan er hinsegin þá er verið að fara framhjá mikilvægum upplýsingum)
- Skoða einnig eyðublöð sem skjólstæðingar fylla út og rýna í þau með hinsegin fólk í huga.
 - Er hægt að skrá fleiri en tvö kyn? Er gert ráð fyrir kynjahlutleysi í skráningum á maka? Geta skjólstæðingar skráð aðra þætti sem þeir vilja koma á framfæri og gætu haft áhrif, t.d. að þeir séu hinsegin?
- Vera með regnbogafána eða -merki sýnilegt. Hinsegin fólk kemur yfirleitt auga á slíkt og gerir jafnvel ráð fyrir því að því verði vel tekið ef regnboginn er til staðar.
- Skoða starfsemi hinsegin samtaka.
 - Vera meðvituð um starfsemi Samtakanna '78, sérstaklega ráðgjafapjónustu þeirra og bendið skjólstæðingum á hana ef þörf er á. Skoða einnig önnur hinsegin samtök (Hinsegin norðurland, Intersex Ísland, Q félag hinsegin stúdenta, Trans Ísland, BDSM Ísland o.fl.)
- Tilnefna tengilið fyrir ráðgjafa Samtakanna '78 og koma upplýsingum áleiðis til þeirra. Þannig geta ráðgjafar S78 haft beint samband ef skjólstæðingur þarf á þjónustu ykkar að halda.
- Þið þurfið ekki að vera sérfræðingar í hinsegin málefnum, enda er ekki alltaf þörf á því, þið þurfið hins vegar að geta talað opinskátt við hinsegin fólk um þætti sem tengjast hinseginleika þeirra og bent þeim á upplýsingar og samtök sem tengjast hinsegin fólki ef þörf er á.